

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 8. febrúar 1999

um skilyrði fyrir því að plastkassar og -vörubretti séu undanþegin ákvæðum um styrk þungmálma sem kveðið er á um í tilskipun 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang*(tilkynnt með númeri C(1999) 246)***(Texti sem varðar EES)**

(1999/177/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

*1. gr.*með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

Þessi ákvörðun skal ná til allra umbúða sem falla undir tilskipun 94/62/EB og markmið hennar er að fastsetja þau skilyrði þar sem þau styrkleikamörk, sem um getur í 11. gr. tilskipunar 94/62/EB, fyrir plastkassa og -bretti, sem eru notuð í vörurhringferli í lokaðri og stýrðri keðju, gilda ekki, samanber þó undanþáguna í 22. gr. tilskipunar 94/62/EB.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Plastkassar og -vörubretti eru dæmi um tilvik þar sem unnt er að sjá til þess að viðeigandi skilyrði fyrir undanþágu verði uppfyllt.

2. gr.

Grundvallarmarkmið tilskipunarinnar eru endurnotkun umbúða og endurvinnsla umbúðaúrgangs.

Í þessari tilskipun:

Skilyrðin fyrir undanþágu vegna nýrrar tegundar umbúða ættu að öllu jöfnu að gilda um allar umbúðir í þeirri keðju sem nýju umbúðirnar verða hluti af.

— skulu gilda þær skilgreiningar sem eru raktar í 3. gr. tilskipunar 94/62/EB,

Undanþágan skal falla úr gildi 10 árum eftir gildistöku hennar nema ákveðið verði að lengja gildistíma hennar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

— „notkun af ásettu ráði“: það að efni er notað af ásettu ráði í umbúðir eða efnisþátt umbúða í því skyni að búa til lokaafurð með tiltekinn eiginleika, tiltekið útlit eða tiltekin gæði. Það telst ekki notkun af ásettu ráði þegar endurunin efni, sem innihalda ef til vill að hluta þá málma sem reglurnar ná til, eru hráefni í framleiðslu nýrra umbúðaefna,

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 21. gr. tilskipunar 94/62/EB.

— „ómeðvituð notkun“: það að málmur er innihaldsefni í umbúðum eða efnisþætti umbúða, en enginn ásetningur býr þar að baki,

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 365, 31. 12. 1994, bls. 10.

— „vöruhringferli í lokaðri og stýrðri keðju“: vöruhringferli þar sem vörurnar eru endurnotaðar og þeim dreift í stýrðu kerfi og þar sem endurunna efnið kemur eingöngu úr einungum í keðjunni svo að viðbót aðfengings efnis er svo lítil sem framast er tæknilega mögulegt, og einungis er heimilt að fjarlægja þessar einingar úr keðjunni samkvæmt sérstakri heimild þannig að skilahlutfall verði sem stærst.

3. gr.

Ef plastkassar og -vörubretti uppfylla öll skilyrði sem getur í 4. og 5. gr. þessarar ákvörðunar er heimilt að samanlagður styrkur af blýi, kadmíumi, kvikasilfri og sexgildu krómi fari yfir gildin 600, 250 og 100 milljónarhlutar miðað við þyngd.

4. gr.

Þessi undanþága gildir einungis um plastkassa og -vörubretti sem eru framleidd í stýrðu endurvinnsluferli þar sem endurunna efnið kemur eingöngu úr öðrum plastkössum eða -vörubrettum og þar sem notkun aðfengings efnis er svo lítil sem framast er tæknilega mögulegt, ekki meiri en 20% miðað við þyngd. Einingar, sem við skil eru ekki lengur endurnotanlegar, skulu hljóta meðferð sem er í samræmi við 5. gr. þessarar ákvörðunar.

Óheimilt er að nota af ásettu ráði blý, kadmíum, kvikasilfur eða sexgilt króm í framleiðslunni en öðru máli gegnir um ómeðvitaða notkun þessara frumefna.

Því aðeins er heimilt að fara yfir styrkleikamörkin fyrir plastkassa og -vörubretti, sem þessi undanþága tekur til, að endurunnum efnum hafi verið bætt við.

5. gr.

Plastkassar eða -vörubretti, sem falla undir þessa ákvörðun, skulu vera í stýrðu dreifi- og endurnotkunarkerfi sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

Nýir plastkassar og -vörubretti, sem innihalda þá málma, sem reglurnar ná til, skulu auðkennd á varanlegan og greinilegan hátt.

Koma skal á fót birgðastýringar- og skráningarkerfi, þar á meðal aðferð til að hafa eftirlit með lögbundnum og fjárhagslegum skyldum, sem getur fært sönnur á að ákvæðum þessarar ákvörðunar sé fylgt, ekki síst hvað varðar skilahlutfall, það er hundraðshluta eininga sem er ekki kastað að lokinni notkun heldur kemur til skila til framleiðanda, þess sem pakkar inn/fyllir á eða viðurkennds fulltrúa; skil ættu að vera svo mikil sem framast er kostur og í engum tilvikum minni en 90% reiknað út frá

endingartíma plastkassanna eða -vörubrettanna. Með kerfinu skal halda skrá um allar endurnotanlegar einingar sem eru teknar í eða úr notkun.

Öllum einungum, sem koma til skila og verða ekki endurnotaðar, skal annaðhvort farga með aðferð sem viðeigandi yfirvöld heimila sérstaklega eða þær skal endurvinna í endurvinnsluferli þar sem endurunna efnið er úr plastkössum eða -vörubrettum í hringrásinni og svo lítið er notað af aðfengnu efni sem framast er tæknilega mögulegt, hið mesta 20% af þyngd.

Framleiðandinn eða fulltrúi hans skulu árlega setja saman skriflega samræmisýfirlýsingu, sem felur í sér árlega skýrslu sem sýnir hvernig skilyrðum þessarar ákvörðunar hefur verið fylgt eftir. Þar skulu koma fram hugsanlegar breytingar sem varða kerfið og viðurkenndir fulltrúar skulu tilgreindir sem fyrr.

Vegna eftirlits skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans geyma þessi upplýsingaskjöl í fjögur ár hið minnsta þannig að þau séu viðeigandi innlendum yfirvöldum aðgengileg.

Ef hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans hafa staðfestu innan bandalagsins hvílir sú skylda á þeim sem markaðssetur vöruna í bandalaginu, að hafa tæknigögnin aðgengileg.

6. gr.

Ofangreindar kröfur varða undanþágurnar frá 11. gr. tilskipunar 94/62/EB og eru með fyrirvara um reglurnar um samræmismat sem kveðið er á um í 9. gr. þeirrar tilskipunar.

7. gr.

Þessi ákvörðun fellur úr gildi 10 árum eftir gildistöku hennar.

8. gr.

Í tengslum við skýrsluna, sem aðildarríkin skulu leggja fram samkvæmt 17. gr. tilskipunar 94/62/EB, ber þeim að greina frá þeim hagnýtu ráðstöfunum sem þau grípa til, meðal annars hvað varðar eftirlit og skoðun.

9. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.